

2. Fundur stjórnar Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 7. febrúar 2007 kl. 14:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Snorri Finnlaugsson, Elliði Vignisson, Þorvarður Hjaltason, Valgeir Arnórsson, Auðunn Hermannsson, Jakob S. Friðriksson, Einar Mathiesen, Friðrik Friðriksson, Elvar K. Valsson, Páll Marvin Jónsson, Ásbjörn Jónsson, Hörður Sigurgestsson, Margrét Ingþórsdóttir og Jóna Sigurbjartsdóttir.

Einnig mættur:

Róbert Jónsson frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands

1. Setning fundar. Formaður stjórnar setti fund.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

3. Leiðarljós Vaxtarsamningsins: Fundarmenn fengu afhent „Leiðarljós Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja” dagsett 7. febrúar 2007.

Framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags kynnti verkþætti samningsins lauslega fyrir stjórn en þeir eru:

1. Klasar, ráðgjöf og fræðsla
2. Klasar, uppbygging
3. Mat á samkeppnishæfni svæðisins
4. Framkvæmd tillagna í skýrslu
5. Árangursmæling

Fundarmönnum var kynnt aðgerðaáætlun og sérstaklega áætlun um kynningarfundir og framkvæmd þeirra sem áætlaðir eru í mars 2007 en áætlað er að halda a.m.k. 5 kynningarfundir þar sem vaxtarsamningurinn er kynntur og hugmyndafræði klasa. Í framhaldinu verður unnið að skilgreiningu samstarfsverkefna sem falla að markmiðum vaxtarsamningsins. Bent var á að þegar væri hafin vinna við að koma tillögum úr skýrslu Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í framkvæmd og verið væri að kanna hvernig hægt væri að koma einstökum verkefnum af stað. Ekki var farið nánar í verkþættina, mat á *samkeppnishæfni svæðis* og *árangursmælingar*.

Kostnaðaráætlun ársins var kynnt og hún samþykkt. Þess var þó getið að á þessu stigi verkferlisins liggja ekki fullnægjandi forsendur fyrir gerð kostnaðaráætlunar og erfitt væri að horfa til síðari hluta árs 2007.

Ennfremur voru kynntar verkefnisumsóknir sem borist hafa framkvæmdaráði og eru þau mál í vinnslu. Tilkynnt var að framkvæmdaráð hefði þegar tekið ákvörðun um að styðja við stofnun Markaðsskrifstofu Suðurlands og undirbúning við háskólaverkefni á svæðinu. Verkefnið „Kóngsklasi” í uppsveitum Árnessýslu er í vinnslu hjá atvinnuráðgjöfum.

Farið var yfir framlög samningsaðila og rætt að mikilvægt væri að skilgreina sem fyrst á hvaða hátt framlag þeirra gæti nýst Vaxtarsamningnum. Framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélagsins var falið að semja við Sparisjóð Vestmannaeyja um innheimtu framlags samningsaðila sem leggja til fjármuni í verkefnið.

4. Heimasíða verkefnis: Heimasíða Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja er í vinnslu og eins er unnið að lógói fyrir verkefnið.

5. Verklagsreglur og umsóknarblað o.fl.: Kynnt voru drög að verklagsreglum og umsóknarblöðum fyrir aðkomu Vaxtarsamnings að verkefnum. Rætt var um að einfalda umsóknareyðublaðið ef kostur er.

6. Háskólaverkefni: Sveinn Aðalsteinsson kynnti háskólaverkefni á Suðurlandi og fjallaði um þá vinnu sem hafin væri og næstu skref verkefnisins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00
Fundargerð ritaði Elvar K. Valsson